

Sveitarstjóri/hafnarstjóri Langanesbyggðar

Aðstaða fyrir smábáta á Þórshöfn

Vegna framkvæmda við uppfyllingu og byggingu frystiklefa var aðstaða fyrir smábáta skert verulega, var reyndar ekki góð fyrir en þar sem stefnir í óefni með viðlegupláss fyrir sumarið þá viljum við undirritaðir smábátaeigendur á Þórshöfn leggja til að ráðist verði í eftirfarandi framkvæmdir fyrir komandi strandveiðivertíð.

1. Færa flotbryggju af stálpili yfir á stöpul austan við hina flotbryggjuna.

Með því nýtist stálpilið sem viðlega fyrir tvo af stærri strandveiðibátunum, auðveldar aðkomu að löndunarkrana og gerir mögulegt að landa með báðum krönum samtímis.

2. Fjölga fingrum á báðum flotbryggjum.

Að okkar mati er hægt að koma þrem fingrum fyrir á hvora hlið flotbryggjanna með því að hafa efsta fingurinn á hverri hlið upp við landstöpul og viðlegu bara öðru megin við hann. Með því yrði hægt að koma 10 bátum á hvora flotbryggju. Rafmagn og vatn þarf að vera á báðum flotbryggjum.

3. Koma flotbryggju fyrir olíu í notkun, staðsetta "til bráðabirgða"

Núverandi staðsetning á olíutöku við löndunarkrana er mjög óhentug, tefur fyrir, því það er ekki hægt að landa og taka olíu samtímis og oft löndunarbið meðan einhver er að taka olíu. Skapar slyshættu þess utan þegar einn maður er að bröлта upp og niður bryggjudekkin með slöngustút, slapp til síðasta sumar en er ekki boðleg aðstaða til lengri tíma. Einn möguleikinn er að staðsetja olíubryggjuna á miðjan grjótgarðinn í krikanum milli loðnu og togarakants.

Smábátum á Þórshöfn fer fjölgandi (16 + 3 skemmtibátar) og líklegt að afnám grásleppukvóta verði til þess að fleiri bátar verði gerðir út stærri hluta ársins en nú er. Núverandi aðstaða fyrir bátana er að flestu leyti óviðunandi og er fróðlegt að skoða smábátaaðstöðu hjá nágrönnum okkar á Vopnafirði og Raufarhöfn til samanburðar.

Einnig vekur það athygli okkar að í nýlega samþykktu deiliskipulagi hafnarinnar er enga flotbryggju að sjá og virðist lítið hugað að smábátaaðstöðu. Fyrirhuguð trébryggja sem samkvæmt áætlunum á að kosta á þriðja hundrað milljónir nýtist lítið sem viðlega fyrir smábáta, þar þarf alltaf flotbryggjur til. Einnig er ljóst að talsvert sog og hreyfing verður við núverandi flotbryggjur þar til stálpil hefur verið lengt eins og áætlað er (sem enginn veit hvenær verður). Því viljum við velta upp þeim möguleika hvort skynsamlegra væri að sleppa trébryggjunni og setja frekar lítinn grjótgarð fyrir flotbryggjur á suðurgarðinn, væri mögulega ódýrara og öruggari viðlega. Allavega óskum við smábátaeigendur eftir að vera hafðir með í ráðum varðandi framtíðarskipulag hafnarinnar.

Undirritaðir eru eigendur smábáta á Þórshöfn. (fleiri á bakhlið)

Guðmundur Thorsinnsson KAFTA ÞH 66
AGGAR JÓHANSSON HRÖNN ÞH 12
Óli Ólafur Þorsteinsson Björn ÞH
Gunnar V. Kristjánsson ARVIK ÞH 258
Högis S. Kristjánsson ARVIK ÞH 258

Rauur Hauksson Kló þh 9

Ólafur Karþamsson INGunn þH 93

Fyrir hönd sveins s.

Sveinn Steinar Guðsteinsson Fafnir þH 79.

Lilja Ólafsdóttir 170570-3169.

Ólga JÓNSSON 180787-2919 Dúla þH 1960

Arnar Adalbjörnsson

Friðrik Guðmundsson

Jóhann Agur Halldórsson

Friðrið Gunnar

Gunnar & Jóhannsson



ALFRED ÓLAFSSON

Jón Densson

Köpur

Halldór R Sjöfnir - Hólmi þH 86.

Adalbjörnsson Alnósson Fálki þH 35

Fyrir hönd Jóhanns Arngríms:

Jóhann Arngrímur Jónsson Gardar þH 122

Lúðmín Ólafsdóttir 250665-4159

Fyrir hönd Björsumarsveitarinnar Hafliða:

Þorbergur Ásgrímur Sigurðsson

Fyrir hönd Björgvins V. Grants

Björgvin Valur Grant Dís þH

Lúðmín Ólafsdóttir 250665-4159